

Norrænt menningarsamstarf 2009



Embættismannanefndin og starfsmenn á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum í Kaupmannahöfn

Senn lýkur formennsku Íslands í [Norrænu ráðherranefndinni](#). Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur staðið fyrir fjölbreyttum verkefnum á öllum starfssviðum sínum undir kjörorðinu „Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattvænna breytinga“.

Á sviði menningarmála hefur verið lögð áhersla á þverfagleg verkefni og að kynna fyrir hinum Norðurlöndunum hugmyndafræðina að baki góðum íslenskum verkefnum og gera þau norræn. Þannig var menningarhátíðin „[List án landamæra](#)“ með norrænu ívafi og í tengslum við hana var haldin norræn ráðstefna um list fyrir alla. Á henni var m.a. skrifað undir áskorun til norrænna stjórnvalda um að tryggja þátttöku fatlaðra í öllum þáttum mannlífsins og að þau vinni að staðfestingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra. Ísland hefur staðið fyrir [rannsóknum á högum ungs fólks](#) frá því árinu 1992 og eitt af formenskuvirkefnum var að standa fyrir norrænni rannsókn á högum nemenda í framhaldsskólum, þeirri fyrstu sinnar tegundar. Þessar vikurnar er verið að leggja spurningar fyrir nemendur í skólum á öllum Norðurlöndunum frá Grænlandi í vestri að Finnlandi í austri og verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar á ráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík seinni hluta maí 2010. Í tengslum við úrslitakeppni ípróttaverkefnisins „[Skólahreysti](#)“ var haldið málþing með þátttöku norrænna gesta með þeim árangri að nú er verið að undirbúa slík verkefni annars staðar á Norðurlöndum undir umsjón norrænu skólaípróttanefndarinnar. Haldnar hafa verið fræðiráðstefnur um menningarleg tengsl Norðurlanda og bresku eyjanna og um málefni lítilla málsvæða þar sem einnig var fjallað um stöðu tákna málsins. Eitt af þeim mikilvægu verkefnum, sem einnig hafa verið unnin undir forystu Íslands, er endurskoðun á menningarsamstarfinu, en nýtt skipulag innan þess tók gildi í byrjun árs 2007, og hefur komið í ljós að ýmsa vankanta þarf að sníða af því. Hefur þessi vinna leitt til ýmissa lagfæringa og leiðréttinga á norrænu menningarstærkjunum sem taka strax gildi. Allsherjarendurskoðun á skipulagi menningarsamstarfsins mun fara fram á árunum 2010-2011.

Hinn 3. desember sl. var haldin síðasti fundur norrænu embættisnefndarinnar um menningarsamstarf á yfirstandandi ári undir forystu Karítasar H. Gunnarsdóttur skrifstofustjóra menningarskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og var myndin tekin við það tækifæri. Danir taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2010.

Útgefnar reglugerðir við lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008

Allar reglugerðir sem eru komnar út í kjölfar leik-, grunn- og framhaldsskólalaga sem tóku gildi 2008 ásamt reglugerðum við lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda eru aðgengilegar á [vef ráðuneytisins](#) og á [nymenntastefna.is](#). Aðrar reglugerðir sem eru langt komnar í vinnslu eru reglugerðir um:

- Einkaskóla
- Sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum
- Nemendur með sérþarfir í grunnskólum
- Nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum.
- Undanþágufyndir grunnskóla og framhaldsskóla

Áfangi í tungutækni

Nýlega fór fram lokagreiðsla úr tungutækni sjóði ráðuneytisins en þá lauk verkefni [Orðabókar Háskóla Íslands](#), sem nú er orðfræðisvið [Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum](#), um markaða málheild. Orðið tungutækni (e. language technology) vísar til tengingar tungumáls og tölvutækni í hagnýtum tilgangi. Þessi tenging getur bæði átt sér stað þegar tungumálið er nýtt til samskipta við tölvur t.d. með tali eða orðskipunum (tölvuheyrn) og talgervlum (tölvutali) og einnig þegar tölvutækni er nýtt til rannsókna og greiningar á tungumáli. Nú vilja þeir sem starfa við tungutækni frekar nota orðið máltækni.

Í verkefninu um mörkun málheildar var þróaður hugbúnaður til að greina orðmyndir eftir orðflokki og beygingu. Hugbúnaðurinn var síðan nýttur til að greina ólíkan texta úr bókum og blöðum en einnig af bloggi, vefsíðum og úr tölvupósti. Textavalið miðar að því að gefa sem raunsannasta mynd af málinu og sýna fjölbreytni í málnotkun. Afraksturinn mun nýtast meðal annars við orðabókargerð, gerð þýðingarforrita og þróun tölvutals og tölvuheyrnar fyrir íslensku.

Segja má að tungutækni hafi blómstrað hér á landi eftir að tungutækniátaki mennta- og menningarmálaráðuneytisins lauk árið 2004. Stofnað var [Tungutækni-setur](#) árið 2005 með samstarfi [Málvísindastofnunar Háskóla Íslands](#), [tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík](#) og Orðabókar Háskóla Íslands. Setrið er vettvangur um rannsóknir, þróun og kennslu í tungutækni og má finna upplýsingar um fjölbreytt starf þess á vefsíðunni [tungutaekni.is](#). Geta má þess að nýlega opnaði Stofnun Árna Magnússonar aðgang að beygingarlýsingu íslensks máls, sem er lykill að mörgum tungutækni-verkefnum, á vefsíðunni [ordid.is](#).

